

Ályktun stjórnar foreldrafélags Álftamýrarskóla vegna fyrirhugaðar íbúabygðar á núverandi íþróttasvæði Fram við Álftamýri/Safamýri.

Berist til íbúaráðs Háaleitis- og Bústaða.

Á kynningafundi um drög að breytingu á Aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030 sem haldin var fyrir íbúaráðin í Reykjavík og fleirri hópa þann 11. nóvember sl. komu fram upplýsingar um fyrirætlun borgarinnar að minnka íþróttasvæði við Álftamýri/Safamýri, sem nú tilheyrir Fram og Víkingur mun taka við árið 2022, og taka undir íbúabygð.

Foreldrafélag Álftamýrarskóla lýsir yfir eindregni andstöðu við þessa fyrirætlun borgarinnar. Háaleitishverfið er nú þegar mjög aðþrengt og skorið af stórum umferðaræðum. Mikil uppbygging er þegar fyrirhuguð á Kringlureit og það sárvantar grænt svæði í hverfið. Hverfið er jafnframt þéttbyggt fyrir, þar sem stór hluti byggðar eru fjölbýlishús.

Svæðið sem um ræðir liggur að skólalóð Álftamýrarskóla og viljum við alls ekki að svæði sem ekki verður notað undir íþróttastarfsemi Víkings verði byggt, þannig að umferð um svæðið í kringum skólann og íþróttasvæðið aukist með tilheyrandi hættu fyrir gangandi og hjólandi börn á leið í skólann.

Vel skipulagt útivistarsvæðið gæti orðið hjarta hverfisins, þar sem íbúar gætu stundað fjölbreytta útvist og haldið viðburði. Jafnframt væri hægt að nýta svæðið t.d í tengslum við aðra starfsemi í hverfinu s.s. í útkennslu fyrir skólann, leikskólann og fyrir frístundarheimilið Álftabæ sem sárvantar betri útiaðstöðu.

Stjórn foreldrafélags Álftamýrarskóla leggast alfarið gegn þessari fyrirætlun borgarinnar og vill hvetja íbúaráð Háaleitis- og Bústaða til þess að koma mótmælum okkar á framfæri við borgaryfirvöld. Við hvetjum jafnframt borgaryfirvöld til þess að taka athugasemdir okkar og afstöðu til greina og falla frá hugmyndum um uppbyggingu á svæðinu en leita frekar eftir samráði við íbúa og íþróttafélögin um nýtingu svæðisins til hagsbóta fyrir íbúa þess en ekki til að skerða lífsgæði þeirra.

Stjórn foreldrafélags Álftamýrarskóla

Bylgja H. Björnsdóttir
Kristín Lena Þorvaldsdóttir
Katrín Pétursdóttir
Gunnar Sigurðarson